



Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun Vatnsendaskóla skólaárið 2009 – 2010



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Aðferðafræði og framkvæmd	5
1.1 Rafrænar kannanir	5
1.2 Starfsmannasamtöl	6
2. Niðurstöður og umbótaáætlun	7
2.1 Skólahald á öskudegi	7
2.2 Þemadagar	7
2.3 Foreldrakönnun	8
2.4 Dægradvöl	10
2.5 Líðan á kaffistofu	11
2.6 Starfsmannasamtöl	11

Inngangur

Veturinn 2009-2010 voru 359 nemendur í Vatnsendaskóla í 1.-10. bekk. Starfsmenn voru 55. Skólastjóri Vatnsendaskóla er Guðrún Soffía Jónasdóttir.

Skólinn er einsetinn og skólaárinu er skipt upp í tvær annir sem enda með námsmati í desember/janúar og maí. Hver kennslustund er 40 mínútur. Kennsla hefst kl. 8:10 á morgnana og lýkur kl. 13:20 hjá 1. – 4. bekk, kl. 14:00 hjá 5. – 7. bekk og flesta daga kl. 14:40 á unglingastigi.

Eftir að skóla lýkur á daginn er boðið upp á gæslu í Dægradvöl fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Dægradvöl er opin frá 13:20 – 17:15. Skrifstofa skólans er opin á virkum dögum frá kl. 8:00 – 16:00. Nánari upplýsingar um framkvæmd og skipulag skólastarfsins er að finna í skólanámskrá Vatnsendaskóla sem aðgengileg er á heimasíðu skólans: www.vatnsendaskoli.is.

Í þessari matsskýrslu er fjallað um sjálfsmat skólans veturinn 2009 -2010, framkvæmd þess, niðurstöður og umbótaáætlun. Sjálfsmatið byggir á fimm ára áætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru skoðaðir. Þar er um 15 megin þætti að ræða. Sumir þættir eru skoðaðir einu sinni á tímabilinu en aðrir oft. Þeir þættir sem voru til skoðunar á skólaárinu 2009-2010 voru eftirfarandi:

1. Námskrá – skipulag, stefna og markmið
2. Kennsla, starfsþróun og fagmennska
3. Viðmót og menning skóla
4. Samstarf heimila og skóla
5. Ytri tengsl - samfélag
6. Kennsluskipulag

Í matsteymi Vatnsendaskóla veturinn 2009-2010 voru Guðmundur Freyr Sveinsson aðstoðarskólastjóri og Hulda Ingibjörg Rafnsdóttir kennari. Þættir 2, 3, 4 og 6 voru skoðaðir með kerfisbundnum hætti en ekki náðist að skoða þætti 1 og 5 á sama hátt þó vísbendingar

um þá megi finna í niðurstöðunum. Þess ber þó að geta að sérstakt teymi hefur haldið utan um námskrá Vatnsendaskóla sem hefur verið í stöðugri þróun frá upphafi skólans.

Þær matsspurningar sem lagt var að stað með veturinn 2009-2010 voru:

- Hvert er viðhorf foreldra til skólans og skólastarfsins?
- Hver eru viðhorf starfsmanna til skólans og skólastarfsins?

Til að taka á þeim þáttum sem hér eru nefnd voru lagðar fyrir fjórar rafrænar kannanir sem foreldrar svöruðu auk þess sem allt starfsfólk skólans fór í starfsmannasamtöl hjá stjórnendum skólans þar sem spurt var um atriði er tengjast sjálfsmatinu. Auk þess tók allt starfsfólk skólans könnun er varðar líðan á kaffistofu og kennarar skólans mátu þemadaga í sérstakri könnun sem gerð var í kjölfar þemaviku skólans.

Að þessu sinni voru nemendur ekki spurðir sértaklega um þeirra viðhorf í sjálfsmatinu eins og veturinn á undan en mikið af upplýsingum skila sér þó frá nemendum í gegnum leiðsagnarmat skólans sem umsjónarkennarar fara yfir.

1. Aðferðafræði og framkvæmd

Sjálfsmat Vatnsendaskóla veturinn 2009-2010 var byggt á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Fjórum sinnum voru lagðir fyrir rafrænar kannanir fyrir foreldra. Allt starfsfólk skólans fór í starfsmannasamtöl hjá stjórnendum skólans auk þess að svara rafrænum könnunum samanber töflu í kafla 1.1. Í spurningalistunum og viðtölunum var leitað eftir svörum við ofangreindum þáttum bæði með opnum og lokuðum spurningum.

1.1 Rafrænar kannanir

Kannanir voru sendar á öll skráð netföng viðkomandi aðila í mentor á þeim tíma sem fram kemur í töflunni. Þegar meta á svarhlutfall í foreldrakönnunum vandast málin þar sem báðir foreldrar eru að jafnaði skráðir með netfang. Ómögulegt er að vita hvort aðeins annað eða báðir foreldrar nemenda svara könnuninni. Í töflunni hér fyrir neðan er fjöldi þátttakenda í viðkomandi könnun deilt á nemendafjölda. Líklegt má þó telja að oft á tíðum svari báðir foreldrar sömu könnun og ef fjöldi þeirra foreldra sem svöruðu viðkomandi könnunum væri deilt niður á öll netföng sem kannanirnar voru sendar á myndi svarhlutfall í töflunni lækka töluvert.

Svarhlutfall og tímasetning

	Fjöldi starfsfólks eða nemenda	Fjöldi netfanga starfsfólks eða foreldra	Líðan á kaffistofu 4. nóvember	Skólahald á öskudegi 24. febrúar	Þemavika 17. mars	Foreldrakönnun apríl og maí	Dægradvöl 31. maí
Starfsfólk skólans	56	56	55%				
Kennarar	33	31			94%		
Foreldrar í 1.-4. bekk	175	331		63%		68%	45%
Foreldrar í 5.-7. bekk	98	178		56%		62%	
Foreldrar í 8.-10. bekk	86	159		34%		60%	

1.2 Starfsmannasamtöl

Í febrúar fóru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri á námskeið í starfsmannasamtölum hjá Þekkingarmiðlun. Í kjölfarið var samtalsforminu breytt frá því sem áður var. Samtölin fóru fram í febrúar og mars.

Í viðtalinu voru teknir fyrir þættir eins og verkefni/ábyrgðarsvið, vinnustaðurinn og vinnuaðstaða, samskipti á vinnustað, stjórnun, starfþróun og fræðsla og starfsmaðurinn sjálfur og líðan hans auk frammistöðumats. Hvert viðtal tók á bilinu 30-50 mínútur. Stjórnendur skráðu hjá sér helstu niðurstöður hvers viðtals og fjallað var um þær á stjórnendafundum. Rétt er að taka fram að það voru stjórnendur sjálfir sem tóku þessi viðtöl og ber að skoða niðurstöður með hliðsjón af því.

Guðrún Soffía		Guðmundur		Birna		Björk	
Nafn	Tími	Nafn	Tími	Nafn	Tími	Nafn	Tími
Anna Björk		Einar		Aisté		Ásta Ingunn	
Anna Elísabet		Elsa Jóna		Drífa		Edda Björk	
Birna Hugrún		Erla		Guðrún Linda		Elsa Rós	
Björk		Hulda Ingibjörg		Guðrún Vala		Ingunn Huld	
Guðmundur Freyr		Jóhanna Kristín		Hólmfríður		Íris	
Guðrún Elva		Kristín Helga		Loreta		Ragnheiður Jóna	
Halldór		Kristín		Nína Hrönn		Jónína Edda	
Hrönn		Linda María		Rósamunda		Klara	
Ingibjörg Þóra		Róbert Ólafur		Rósý		Lovísa	
Sandra Fr.		Sóley Ásta		Sandra Rós		María Á.	
Sigrún Vikar		Sólveig Hrönn		Sigrún S.		María J.	
Sveinbjörg		Svandís		Sigurlaug		Sara Ósk	
				Sólveig R.		Steinunn Björg	

2. Niðurstöður og umbótaáætlun

2.1 Skólahald á öskudegi

Samkvæmt niðurstöðum úr könnuninni voru foreldrar ánægðir með þá nýbreytni að kenna á öskudegi. Vatnsendaskóli bauð í vetur í fyrsta skiptið upp á kennslu á þessum degi en tók mið af þema dagsins þar sem nemendur og starfsfólk mætti í grímubúningum og „sló köttinn út tunnunni“. Skóladagurinn var þó skertur þar sem skólahaldi lauk kl. 12:00.

[Tengil á niðurstöður á heimasíðu Vatnsendaskóla:
http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/skolahald_a_oskudegi.pdf](http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/skolahald_a_oskudegi.pdf)

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

1. Skipulag skólahalds á öskudegi:

Við skipulagningu skóladagatala fyrir skólaárið 2010-2011 var ákveðið að vera aftur með skertan kennsludag frá kl. 8:10 til 12:00 á öskudegi þar sem sérstök áhersla yrði á þema tengt öskudeginum eins og gert var í vetur.

2.2 Þemadagar

Mikil ánægja ríkti meðal kennara skólans með skipulag og framkvæmd þemadaga í vetur en það voru verkgreinakennarar sem lögðu upp skipulagið á þessu sinni.

[Tengill á niðurstöður á heimasíðu Vatnsendaskóla:
http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/themavika_17mars2010.pdf](http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/themavika_17mars2010.pdf)

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

1. Þemadagar:

Á næsta skólaári 2010-2011 getur starfsfólk valið að vera í sérstöku þemateymi sem mun skipuleggja og halda utan um þemadaga og aðra atburði sem tengjast uppbroti í töflukennslu og samstarfi allra árganga yfir veturinn, t.d. vinavika, jólasveinaleikar og þemadagar.

2.3 Foreldrakönnun

Í foreldrakönnunum var meðal annars spurt um líðan barna, skipulag kennslu, samskipti, heimavinnu, agamál, upplýsingaflæði og skólamat. Samkvæmt svörum eru yfirleitt á bilinu 70% - 90% svarenda ánægðir með þá þjónustu sem spurt er um, 10%-30% eru hlutlaus og þeir sem eru óánægðir eru oftast á bilinu 0%-10%. Dreifing svara virðist vera minnst hjá yngstu börnunum en aukast eftir því sem börnin eldast og því er mesta dreifing í svörum meðal foreldra elstu barnanna.

2.3.1 Börn í 1.-4. bekk

[Tengill á niðurstöður á heimasíðu Vatnsendaskóla:
http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/foreldrakonnun_1_4_bekkur.pdf.](http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/foreldrakonnun_1_4_bekkur.pdf)

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

1. Mentor:

Notkun foreldra á mentor er minni meðal foreldra barna í 1.-4. bekk en hjá eldri börnunum. Á næsta skólaári 2010-2011 munu umsjónarkennarar nota vikuætlun í mentor til að upplýsa foreldra um heimavinnu eins og gert er hjá eldri börnunum.

2. Skólamatur:

Niðurstöðunum hefur verið komið til stjórnsenda Skólamatar með það fyrir augum að auka ánægju foreldra með matinn.

2.3.2 Börn í 5.-7. bekk

Tengill á niðurstöður á heimasíðu Vatnsendaskóla:

http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/foreldrakonnun_5_7_bekkur.pdf

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

1. Heimanám:

Þó að 80% foreldra telja heimavinnu barna sinna vera hæfilega eru 20% sem telja hann ýmist vera of mikla eða of litla. Í 5.-7. bekk sér umsjónarkennari að jafnaði um flesta tíma í bóklegri kennslu. Því eru kjöraðstæður fyrir foreldra og kennara að vera í samstarfi varðandi það að stilla af magn heimavinnu hjá þeim nemendum sem ýmist hafa of mikið eða of lítið af heimavinnu á sinni könnu að mati foreldra.

2. Skólamatur:

Sama og í kafla 2.3.1.

2.3.3 Börn í 8.-10. bekk

Tengill á niðurstöður á heimasíðu Vatnsendaskóla:

http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/foreldrakonnun_8_10_bekkur.pdf

1. Heimanám:

Í svörum foreldra við heimanámsspurningunni kemur fram aukin dreifing miðað við yngri stigin. Þannig má greina vísbendingar um að foreldrum unglinga finnist álag í kringum heimavinnu meira en öðrum foreldrum og því þurfa kennarar að hafa þær upplýsingar í huga og samræma sig eins og kostur er þegar kemur að heimavinnuverkefnum á unglingastigi skólaárið 2010-2011. Þá hefur það verið ákveðið meðal kennara á unglingastigi að kalla ekki inn lokaverkefni eða hafa kannanir í síðustu viku fyrir lokapróf, þ.e.a.s. jóla- og vorpróf.

2. Skólamatur:

Sama og í kafla 2.3.1.

2.4 Dægradvöl

Mælikvarðarnir á líðan barna eru ekki samræmdir úr foreldrakönnun í 1.-4. bekk og Dægradvalakönnun en þó má sjá að þeir sem merkja við mjög góða líðan barna í skóla eru 38% á móti 20% í Dægradvöl. Könnunin er hins vegar að öllu leyti samræmd við könnun sem gerð var í öðrum skóla í Kópavogi og þegar spurt var um líðan í Dægradvöl í þeim skóla svöruðu 57% „Mjög vel“ á móti 20% í Vatnsendaskóla.

Þegar spurt er um almenna þjónustu starfsmanna svöruðu 19% foreldra í Vatnsendaskóla „Mjög góð“ en í samanburðarskólanum er hlutfallið 60%.

Það er því ljóst að umtalsverðar endurskoðunar er þörf í starfssemi Dægradvalar Vatnsendaskóla.

[Tengill á niðurstöður á heimasíðu Vatnsendaskóla:](http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/dagradvol_31mai2010.pdf)

http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/dagradvol_31mai2010.pdf

Áætlun um umbætur og framkvæmd:

1. Líðan barna:

Skólárið 2010-2011 verður farið í markvissa hópavinnu með börnunum þar sem áhersla verður lögð á skipulagt starf þar sem börnin hafa val um þau svæði sem þau vilja vinna á. Unnið verður með viðmót starfsmanna við börnin og upplýsingagjöf til foreldra með það að markmiði að bæta líðan barnanna.

2. Almenn þjónusta, t.d. upplýsingar og símasvörun:

Á valtoflum nemenda geta foreldrar nálgast upplýsingar um þá hópa sem krakkarnir hafa valið sér dag frá degi. Foreldrar munu einnig geta valið „klúbbastarf“ fyrir börnin sín á haustönn 2010.

Mánaðarlega verður sendur tölvupóstur á alla foreldra barna í Dægradvöl þar sem farið verður yfir starfið síðustu vikurnar og það sem fram undan er.

Forstöðumaður Dægradvalar verður með GSM síma sem alltaf verður hægt að ná sambandi við á opnunartíma Dægradvalar.

3. Viðmót starfsmanna:

Á skipulagsdögum í ágúst 2010 fer allt starfsfólk dægradvala í Kópavogi á námskeið þar sem farið verður yfir mikilvægi vandaðra vinnu með börnum og framkomu í þeirra garð. Markvisst verður farið yfir og fylgst með þessum þætti í starfi Dægradvalar í Vatnsendaskóla haustið 2010.

2.5 Líðan á kaffistofu

Í sjálfsmatskönnun sem gerð var skólaárið 2008-2009 kom fram að aðeins 20% af starfsfólki skólans var ánægt með úrvalið í mötuneytinu. Í kjölfarið var gerð umbótaáætlun sem virðist hafa skilað umtalsverðum árangri því samkvæmt niðurstöðum sjálfsmatsins 2009-2010 var hlutfalla ánægðra komið upp í 75%.

[Tengill á niðurstöður á heimasíðu Vatnsendaskóla, sjá:
http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/lidan_a_kaffistofu_4nov2009.pdf](http://www.vatnsendaskoli.is/files/sjalfsmat/kannanir_2009_2010/lidan_a_kaffistofu_4nov2009.pdf)

2.6 Starfsmannasamtöl

Líðan

Líðan í vinnunni var nær alltaf góð. Einstaka atvik í samstarfi tveggja eða fleiri aðila geta þó haft neikvæð áhrif á líðan en þau atvik virðast þó ekki hafa náð að hafa áhrif á viðkomandi aðila til lengri tíma.

Skipulag og vinna

Kennarar töldu sig yfirleitt ná vel til barnanna og ganga vel með sína kennslu. Kennarar og annað starfsfólk taldi sig þekkja starfssvið sitt vel og að það leysti sín verkefni af samvirkusemi og fagmennsku.

Samvinna / samskipti

Starfsfólk talaði um að samskipti væru almennt góð við stjórnendur, samstarfsfólk, nemendur og foreldra. Þó kom fram að erfiðleikar kæmu annað slagið upp í samskiptum sem hefðu neikvæð áhrif á líðan. Þau mál geta tengst samskiptum starfsfólks, hegðunar og/eða agavanda hjá nemendum og samskiptum við foreldra nemenda. Margir umsjónarkennarar lýsa hins vegar jákvæðum og góðum samskipti við nemendur og foreldra.

Vinnuaðstaða

Margir nefndu að vinnuaðstaðan væri góð. Þó kom fram að enn ætti eftir að klára nokkra þætti í nýjum skóla, t.d. í heimilisfræðistofu og smíðastofu. Nokkrir kvörtuðu undan því að hafa ekki aðgang að sturtu í skólanum. Einnig kom fram að gott væri að fá skjávarpa í fleiri stofur. Nokkrum sinnum var spurt um fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir við skólann þar sem enn vantar aðstöðu fyrir samkomur og íþróttir við skólann.

Þörf fyrir fræðslu / símenntun

Margir lýstu ánægju með áherslu á útikennslu í skólanum og það sem gert hefði verið í fræðslu á því sviði. Það sem oftast var nefnt sem ósk um fræðslu næsta vetur tengdist agastjórnun og fræðslu um vinnu með börnum sem hafa ADHD (ofvirkni og athyglisbrest) greiningu.

Áætlun um umbætur og framkvæmd:**1. Vinnuaðstaða:**

Ráðgert er að framkvæmdir hefjist við byggingu síðasta áfanga Vatnsendaskóla haustið 2010. Markmiðið er að klára gerð samkomusalar, tónlistarstofu og aðstöðu fyrir félagsmiðstöð annars vegar og Dægradvöl hins vegar. Markmiðið er að koma upp sturtuadstöðu fyrir starfsmenn í þessum áfang.

Bygging íþróttahúss mun því miður ekki fara af stað samhliða þessum framkvæmdum. Aðstaða til íþróttaiðkunar mun þó verða nær skólanum næsta vetur þar sem leikfimi verður kennd í Kórnum á næsta skólaári í stað Versala.

Verkbeiðnir varðandi frágang í heimilisfræðistofu og smíðastofu hafa verið sendar til tæknideildar Kópavogsbæjar.

Skjávarpar eru komnir í allar umsjónarstofur í 5.-10. bekk. Því miður sér skólinn sér ekki fært að fjárfesta í fleiri skjávörpum haustið 2010 en tveimur skjávörpum var stolið í innbrotum í skólann veturinn 2009-2010 og unnið verður að því að fá það tap bætt.

2. Fræðsla og símenntun:

Á haustönn 2010 fara allir kennarar skólans á námskeið í samskiptum og agastjórnun hjá Húgó Þórissyni sálfræðingi og Ragnheiði Hermannsdóttur deildarstjóri á fræðslusviði Kópavogsbæjar.